



SAMÞYKKT FYRIR

FÉLAGSMÁLANEFND SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Skipan, fundir og starfshættir

1. gr.

Í 5. gr. laga nr. 40/1991 er kveðið á um að sveitarstjórn skuli kjósa félagsmálanefnd sem fari með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu. Félagsmálanefnd Svalbarðsstrandarhrepps heyrir undir sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps og starfar í umboði hennar.

2. gr.

Um störf nefndarinnar gilda lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lög um húsaleigubætur nr. 138/1997, lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 og lög um málefni fatlaðra nr. 59/1991.

3. gr.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa til setu í félagsmálanefnd til fjögurra ára og þrjá til vara skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps. Kosningarnar skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998, og vera leynilegar ef einhver sveitarstjórnarmanna óskar þess.

4. gr.

Ákvarðanir félagsmálanefndar eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu sveitarstjórnar. Félagsmálanefnd er fjölskipað stjórnvald. Fulltrúar hlutast ekki til um starfsemi sveitarfélagsins í málefnum sem falin eru nefndinni nema á fundum hennar. Þó getur nefndin falið fulltrúa að vinna að undirbúningi máls með starfsmanni enda felist engar ákvarðanir í þeirri vinnu.

5. gr.

Sveitarstjórn tilnefnir formann félagsmálanefndar. Félagsmálanefnd skal kjósa sér varaformann og ritara á fyrsta fundi eftir skipun hennar. Allir kjörgengir menn í sveitarfélaginu, sem ekki starfa hjá stofnunum sem heyra undir nefndina, eru kjörgengir í félagsmálanefnd, sbr. 40. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

6. gr.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í félagsmálanefnd ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef fulltrúi, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndarinnar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarfulltrúi krafist þess að nefndin verði endurskipuð. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus. Við framangreindar breytingar skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör skv. 2. mgr. 40. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

7. gr.

Formaður nefndar, boðar eða lætur boða til fundar í nefndinni með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Málsgögn skulu varðveitt með tryggum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim. Boða ber til fundar ef helmingur eða fleiri aðalmenn í nefndinni æskir þess. Formaður boðar til fundar svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Boðun varamanna skal vera í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar.



Verkefni félagsmálanefndar

8. gr.

Félagsmálanefnd starfar eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps eftir því sem við á hverju sinni. Fundir félagsmálanefndar skulu haldnir fyrir luktum dyrum og eftir því sem þörf krefur.

9. gr.

Félagsmálanefnd hefur yfirumsjón með félagsþjónustu og félagsaðstoð sveitarfélagsins. Hún hefur auk þess yfirumsjón með húsaleigubótagreiðslum, vímuvörnum, málefnum fatlaðra, aldraðra og innflytjenda og jafnréttismálum. Félagsmálanefnd er auk þess umsagnaraðili um almenna þætti félagsmála og um samninga Svalbarðsstrandarhrepps við önnur sveitarfélög og þjónustuaðila á sviði félagsmála.

Um fundarsköp félagsmálanefndar

10. gr.

Fundir skulu boðaðir skriflega með bréfi eða tölvupósti með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Komi upp brýn mál sem krefjast skjótrar úrlausnar félagsmálanefndar getur fyrirvari um fundarboðun þó verið skemmri. Í fundarboði skal koma fram staður og tími fundar auk dagskrár fundarins í tölusettum liðum. Fundarboði skulu fylgja öll þau gögn sem fulltrúum eru nauðsynleg til að taka upplýsta ákvörðun í málum sem eru á dagskrá fundarins. Formaður félagsmálanefndar eða varaformaður í forföllum hans skal boða fundi nefndarinnar í samráði við sveitarstjóra. Boðun varamanna skal vera í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar.

11. gr.

Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps undirbýr mál sem lögð eru fyrir félagsmálanefnd og fylgir eftir staðfestum samþykktum og ákvörðunum hennar. Sveitarstjóri sér einnig um samskipti við þjónustuþega, þjónustuaðila og starfsfólk á sviði félagsmála en heldur formanni félagsmálanefndar upplýstum um ný mál og framvindu annarra.

12. gr.

Formaður nefndarinnar stýrir umræðum og atkvæðagreiðslu á fundum. Auk kjörinna fulltrúa í félagsmálanefnd á sveitarstjóri seturétt á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Fundir skulu haldnir skv. boðaðri dagskrá. Öll frávik frá henni skulu borin undir atkvæði. Engin mál skulu tekin til meðferðar nefndarinnar án undirbúnings.

13. gr.

Félagsmálanefnd skal skrá fundargerðir og halda gerðabók. Fundargerð skal skráð með rafrænum hætti skv. ákvörðun Sveitarstjórnar, sbr. 18. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp fyrir Svalbarðsstrandarhrepp. Í fundargerð skal ritari nefndarinnar skrá þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila mála, meginefni og afgreiðslu. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal tilgreina í fundargerð hvernig atkvæði skiptust. Í fundargerð skal einnig skráð hverjir taka til máls í umræðum, um hvaða liði dagskrár er fjallað og stutt athugasemd um afstöðu fulltrúa til viðkomandi máls óski þeir þess. Fulltrúar skulu að jafnaði afhenda ritara slíkar bókanir skriflega og á rafrænu formi ef þess er kostur. Í fundargerð skal einnig skrá ef einstakir fulltrúar víkja af fundi við afgreiðslu máls vegna vanhæfis. Þá skal einnig skrá í fundargerð komi fulltrúi til fundar eftir að hann er hafinn og undir hvaða lið. Sama gildir ef fulltrúi þarf að víkja af fundi áður en honum lýkur. Trúnaðarmál, sbr. 5. og 6. grein upplýsingalaga nr. 50/1996, skal skrá í trúnaðarbók. Í slíkum tilfellum skal skrá vísun til trúnaðarbókar í fundargerð. Færslur í trúnaðarbók skulu undirritaðar á sama hátt og fundargerð.

Um hæfi og skyldur félagsmálanefndarmanna

14. gr.

Um hæfi nefndarmanna félagsmálanefndar gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2008, II. kafli stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps.



15. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi félagsmálanefndar nema lögmæt forföll hamli. Sé nefndarmaður félagsmálanefndar forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns. Nefndarmenn skulu vekja athygli á hagsmunum sínum eða tengslum við málsaðila sem gætu leitt til vanhæfis. Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna, samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um áheyrnarfulltrúa og aðra fundarmenn.

Sett með heimild í 40. gr. Samþykktar um stjórn Svalbarðsstrandarhrepps nr. 125

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu sveitarstjórnar 12. apríl 2021



**SVALBARÐSSTRANDAR
HREPPUR**